

## Góð söluaukning á síðasta ári – en óvissa um starfsumhverfi mjólkurframleiðslu

LEIÐARI

Það er óhætt að segja að starfsfólk Mjólkursamsölnunnar hafi leyst vel það stóra verkefni að taka við og vinna í fjölbreyttar framleiðsluvörur þá mjólk sem framleidd var á síðasta ári. Sigurvegararnir í söluþróun síðasta árs voru próteinríkar vörur með ágæta framlegð, Hleðsla, Skyr og nýr skyrdrykkur. Heildarsala MS nam um 28 milljörðum króna og var söluaukning um 1.660 mkr. eða 7,7% aukning, sem er mesta söluaukning milli ára síðan 2009. Hagnaður nam 227 m.kr.

### Samkeppnismál

Það er fyrir löngu orðið ljóst öllum þeim sem hafa fylgst með afskiptum samkeppnisfirvalda af málefnum mjólkuriðnaðarins, að Samkeppniseftirlitinu er með öllu ómögulegt að fjalla um málefni MS og mjólkuriðnaðarins af því hlutleysi, sem gera verður kröfu um til stofnunar á vegum ríkisins. Hefur saga þeirra afskipta síðustu tuttugu árin verið tekin saman og talar skýru máli. Framganga MS á markaði hefur verið algerlega í samræmi við efnisreglur samkeppnislaga og annarra laga. Síendurteknar fullyrðingar stjórnenda SKE um annað hafa reynst vera óhróður og bein ósannindi. Það er augljóst að stjórnendur SKE eru ósáttir við það fyrirkomulag sem löggjafinn hefur ákveðið að hafa á mjólkurmarkaði, og svipar að mörgu leiti til sambærilegra frávikna frá samkeppnislögum á öðrum mörkuðum. SKE á að vera fagleg stjórnsýslustofnun sem fer að lögum, en lýtur í raun pólitískum skoðunum og duttlungum stjórnenda sinna.

Nýjasta varðan í þessari sögu er niðurstaða Áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá nóvember á síðasta ári, sem felldi úr gildi ákvörðun SKE frá 1. júlí s.á. sem hafði sektað MS um 440 mkr fyrir meint samkeppnislagaþrot. Var sektin endurgreidd með vöxtum. 40 mkr sekt fyrir upplýsingaþrot undir rekstri málsins var hins vegar staðfest. SKE hefur lýst því yfir að það muni stefna MS til að þola ógildingu á þessari ákvörðun æðra stjórnvalds á sviði samkeppnismála og hefur frest fram í máf að láta verða af þeirri hótun.

### Umgjörð mjólkurframleiðslu

Á síðasta ári náðist nýr samningur milli bænda og ríkisins um mjólkurframleiðslu til 10 ára, sem staðfestur var af Alþingi. Þar er mögulegri endurskoðun innan samningstímans markaður rammi. Með hliðsjón af þeirri ábyrgð sem forystumenn samfélagsins á hverjum tíma bera á samfellu í meðferð mikilvægra mála, hljóta flestir að hafa reiknað með því að við þá stefnumörkun yrði staðið af hálfu ríkisins og að ekki yrðu teknar U- beygjur sem valda myndu uppnámi í landbúnaði. Vegna framgöngu landbúnaðarráðherra ríkir því miður óvissa um þau mál um þessar mundir.

Í gegnum tíðina hefur verið þrýst á um hagræðingu í mjólkurframleiðslu svo sérhæfingin hefur aukist til muna. Í dag sýna allar úttektir að sú hagræðing sem leitt hefur af verkaskiptingu og sérhæfingu í mjólkuriðnaði, hefur skilað sér til neytenda í lægra vöruverði, sem nemur milljörðum króna á ári. Það er eðlilegt að krafa sé uppi um jafnræði þeirra sem framleiða og markaðssetja vörur úr mjólk og að þeir sitji við sama borð um að verða sér úti um hráefni. Það væri hins vegar mikið slys fyrir neytendur ef lagasetning sem ætti að skapa tiltrú varðandi þá þætti myndi skaða þá hagkvæmni sem náðst hefur þegar aðrar leiðir eru færar. Umgjörð mjólkurframleiðslu, hér eins og annars staðar, er heildstætt kerfi og ekki hægt að breyta einu án þess að huga að því hvaða áhrif það hefur á aðra þætti.

Það virðist ljóst að hugmyndir landbúnaðarráðherra um breytingar komi ekki til kasta Alþingis á þessu vori og tími gefist til að skoða þessi mál frekar. Er óskandi að frekari vinnu við mögulegar breytingar á umgjörð mjólkurframleiðslunnar verði í framhaldinu beint í faglegri farveg en vísbendingar hafa verið um að undanfögnu.

Glæðilega páska  
Ari Edwald

## Nýjungar frá MS

MARKAÐSMÁL

Mikil áhersla er á vöruþróun hjá MS og hefur mikið af nýjungum litid dagsins ljós að undanfögnu. Áhersla hefur verið á að koma með nýjungar í skyr en þrjár nýjar bragðtegundir hafa komið í skyr þá sem af er árinu.

KEA skyr með lakkrís hefur vakið gríðarlega athygli meðal neytenda og margir áhugasamir um að smakka. KEA skyr með lakkrís hefur farið mjög vel af stað í sölu.



Í Skyr.is flokknum komu nýlega á markað tvær nýjar bragðtegundir sem báðar eru kolvetnaskertar. Nýju bragðtegundirnar eru einnig með 2% fitu sem gerir skyrið enn mýkra en áður. Skyr.is 2% er nú fánlegt í bragðtegundunum jarðarberjabaka annars vegar og cremé



brúlée hins vegar. Það verður spennandi að fylgjast með sölnunni á næstunni er fyrstu viðbrögð hafa verið mjög góð.


Guðný Steinsdóttir  
Markaðsstjóri MS

# Framleiðsla mjólkur

FRAMLEIÐSLUSVIÐ

## Framleiðsla mjólkur

Framleiðsla mjólkur á árinu 2016 nam 150 milljónum lítrum en framleiðsla ársins 2015 var um 146 milljónir lítra. Ef framleiðsla það sem eftir er yfirstandandi árs, verður um 3% undir vikulegri innvigtun síðasta árs mun framleiðslan nema um 146 milljónum lítrum, eða svipuðu magni og á árinu 2015.



## Sala mjólkur

Í yfirliti 2 sést ráðstöfun m.v. febrúar 2017. Sala mjólkur á próteingrunni, s.l. 12 mánuði var 129,5 milljónir lítra, og hefur aukist um 4,85% s.l. 12 mánuði. Umreiknuð sala á fitugrunni var 140,1 milljónir lítra. og jókst um 4,93% á sama tíma. Á sama tíma var framleiðsla mjólkur

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr. og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	febrúar mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
<b>Umreiknað á PRÓTEIN:</b>						
Birgðir í upphafi	28.120.209	26.550.776	31.350.961	-10,57	-18,35	29,00
Innvegin mjólk	11.712.498	36.061.058	149.191.685	-9,14	-4,86	0,36
Seldar afurðir	9.942.107	30.496.396	129.528.298	-0,59	2,12	4,85
Útflutningur	430.078	1.436.647	17.467.499	-84,73	-83,38	6,43
Birgðir í lok	29.162.121	29.162.121	29.162.121	-6,98	-6,98	-6,98
Mismunur	298.401	1.516.671	4.384.728	79,46	170,19	164,75
<b>Umreiknað á FITU:</b>						
Birgðir í upphafi	21.882.018	23.167.132	26.334.288	-11,21	0,40	90,54
Innvegin mjólk	11.712.498	36.061.058	149.191.685	-9,14	-4,86	0,36
Seldar afurðir	10.969.852	34.445.365	140.168.283	3,65	5,32	4,93
Útflutningur	143.651	195.347	10.531.315	-75,30	-83,63	705,15
Birgðir í lok	22.131.587	22.131.587	22.131.587	-15,96	-15,96	-15,96
Mismunur	349.426	2.455.891	2.694.788	866,38	230,26	115,31

Yfirlit 2 Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili .mv. febrúar 2017.

149,1 milljónir lítra. Framleiðsla umfram sölu á tímabilinu var því um 19,6 milljónir lítra á próteingrunni og um 9,0 milljónir lítra á fitugrunni. Útflutningur á mjólk m.v. prótein nam 17,4 millj. ltr, en útflutningur á fitugrunni nam um 10,5 millj. lítrum.





## Birgðir mjólkurvara

Í yfirliti 3 er sést þróun birgða helstu flokka mjólkurvara frá janúar 2016 – febrúar 2017.

## Staða framleiðslu og birgða

Í yfirliti 3 má sjá hvernig birgðir mjólkurvara hafa verið að þróast frá upphafi til loka árs 2016 t.o.m febrúar 2017. Birgðir smjör og undanrennudufts eru í góðu jafnvægi. Líklegt er að á vormánuðum verði undanrennuduft flutt út í einhverju mæli, og fyrirhugað er að flytja um 50 tonn af osti úr landi á komandi vikum, en að öðru leiti eru osta-birgðir í góðu jafnvægi bæði með tilliti til magns og aldursskiptingar.

Pálmi Vilhjálmsson  
framkvæmdastjóri framleiðslusviðs



Yfirlit 3 Birgðapróun helstu vöruflokka..



# Deildarfundir Auðhumlu 2017

MARKAÐSMÁL


Nú er deildarfundum Auðhumlu lokið sem hátt í 400 bændur mættu á. Þar var farið ítarlega yfir framleiðslu og sölumál mjólkur og gögn sem Bjarni Ragnar Brynjólfsson hjá SAM hefur verið að taka saman. Þau gögn fela í sér talnagrunn sem inniheldur upplýsingar um breytingar á fjölda kúa, kvígna, kálfa og hvernig fjöldi sæðinga hefur verið að þróast frá ári til árs en þessar stærðir gefa vísbendingar um hvers er að vænta í framleiðslu mjólkur.

Út frá gögnum SAM má lesa að það geti verið að slakna á í mjólkurframleiðslunni. Frá áramótum hefur framleiðsla verið 3,8 % undir framleiðslu síðasta árs. Á sama tíma hefur söluaukning verið hátt í 5 %, nokkuð jafnt á fitu- og próteingrunni. Það stefnir því í allgott

## Breytingar 1981–2015



## Fjöldi framleiðenda og innvigtun



jafnvægi í framleiðslu og sölu eins og það lítur út í upphafi árs. Framleiðsluspá ársins er á bilinu 144 til 147 milljónir lítra. Greiðslumark ársins er 144 milljónir lítra. Þessi lág- og háspá er með vikmörk sem einungis eru um 2 % þannig að ef verða breytingar í skilyrðum til mjólkurframleiðslu sem og aukin sala eða eftirspurn gæti jafnvægið raskast.

Töluvert var rætt um verkefnið „Fyrirmyndarbú“ á deildarfundunum og komu fram margar gagnlegar ábendingar um það sem betur má fara. Nú að loknum þessum fundum verður farið yfir þær og vil ég nota tækifærið og þakka fyrir þessar gagnlegu umræður og tillögur til úrbóta. Flestir eru á því að í grunninn sé verkefnið jákvætt og ætti að geta styrkt jákvæða stöðu mjólkurframleiðslunnar í heild og þá er tilgangnum náð.

Útspil nýs landbúnaðarráðherra eða stríðsyfirlýsing við starfandi bændur var einnig mikið rætt á fundunum og reynt að átta sig á því hvaða afleiðingar það hefur fyrir kúabúskapinn í landinu ef þær ná fram að ganga. Það er ekki gerð minnsta tilraun til mats á þeim áhrifum er þetta kann að hafa af ráðuneytinu. Slík vinnubrögð eru bæði ámælisverð og vanvirðing við bændur en áhrifin lenda fyrr eða síðar á kúabændum. Það ætti að vera sjálfsagt mál ef boðaðar eru grundvallabreytingar á starfsskilyrðum mjólkuriðnaðarins og bænda, að lagt sé fram ítarlegt og vandað mat sem slíkar breytingar kunna að hafa.

Egill Sigurðsson  
stjórnarformaður

# Landbúnaðarráðherra heimsótti MS Selfossi

FRÉTTIR

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, landbúnaðarráðherra heimsótti MS á Selfossi í mars og fundaði með forstjóra, stjórnarmeðlimum og framkvæmdastjóra framleiðsluviðs fyrirtækisins. Með ráðherra í för voru aðstoðarmenn hennar, ráðuneytisstjóri atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og skrifstofustjóri skrifstofu matvæla og landbúnaðar í ráðuneytinu.

Forsvarsmenn MS kynntu fyrir Þorgerði Katrínu framleiðslu MS á Selfossi en einnig var farið yfir helstu starfsemi Mjólkursamsölnunnar á landsvísi auk þróunar mjólkuriðnaðarins síðastliðin 30 ár sem tekið hefur stórfelldum breytingum.

Mjólkursamsalan þakkar Þorgerði Katrínu og fylgdarfólki hennar kærlega fyrir heimsóknina.



# Deildarfundir og gæðamjólk

FRÉTTIR

Deildarfundir Auðhumlu hafa verið haldnir um land allt dagana 10. -27 mars. Á fundunum hafa forsvarsmenn Auðhumlu og MS flutt framsögur um rekstur liðins árs og horfur á þessu ári ásamt því að reifa stöðu greinarinna á líðandi stundu. Miklar umræður hafa orðið um „netvarp“ landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra og ríkir almenn óánægja með útspil ráðherra. Bændur telja komið í bakið á þeim enda nýbúið að semja um nýjan búvörusamning til 10 ára.

Að þessu sinni fengu 34 framleiðendur á svæði Auðhumlu verðlaun fyrir að framleiða úrvalsmjólk allt árið og 4 framleiðendur í Skagafirði fengu einnig verðlaun. Er þeim öllum færðar hamingjuóskir og þakkar fyrir frábært starf.

Aðalfundur Auðhumlu svf. verður haldinn 21. apríl nk. á Selfossi.



## Verðlaunahafar fyrir gæðamjólk 2016

Steinþór Torfason og Ólóf Anna Guðmundsdóttir Hala A-Skaftafellsdeild  
 Ragnar F Sigurðsson og Hrafnhildur Baldursdóttir Litla-Ármoti Flóa- og Ölfusdeild  
 Halldór Guðmundsson Nautaflofum Flóa- og Ölfusdeild  
 Pétur Guðmundsson og Charlotte Hvammi Flóa- og Ölfusdeild  
 Fossi ehf Fossi Uppsveitadeild  
 Samúel U. Eyjólfsson og Þórunn Andrésdóttir Bryðjuholti Uppsveitadeild  
 Gunnar K. Eiríksson og Magga S Brynjólfssdóttir Túnsbergi I Uppsveitadeild  
 Bragi Viðar Gunnarsson Túnsbergi I Uppsveitadeild  
 Jóhann Konráðsson og Esther Guðjónsdóttir Sólheimum Uppsveitadeild  
 Páll I Árnason og Kirsten Anita J Haga Uppsveitadeild  
 Hermann Geir Karlsson og Sigrún Björg Kristinsdóttir Miðaldskoti Uppsveitadeild  
 Kristinn Guðnason og Elín Guðjónsdóttir Pverlæk Holta- Landm.- Ása og Djúþárd.  
 Teigur 1 sf. Teigi Fljótshl. Hvolv- og Rangarvallad  
 Axel Sveinbjörnsson og Silja Ágústsdóttir Hólum Landeyjadeild  
 Sigurjón Eyjólfsson og Kristín Magnúsdóttir Pétursey V-Skaftafellsdeild  
 Sigvaldi Jónsson og Björg María Þórsdóttir Hægindi Borgarfjarðardeild  
 Þorvaldur Jónsson og Ólóf Guðmundsdóttir Brekkukoti Borgarfjarðardeild  
 Sigurjón Grétarsson og Lilja Björk Kristjánsdóttir  
 Furubrekku Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild  
 Ásthildur Skjaldardóttir og Birgir Aðalsteinsson Bakka Hvalfjarðardeild  
 Kristján Högni Jónsson og Sunna Rey Sigurjónsdóttir Ósi Breiðafjarðardeild  
 Félagsbúið Stað sf Stað Breiðafjarðardeild  
 Pétur Sigvaldason og Bjarney Alda Benediktsdóttir  
 Neðri-Torfustöðum Vestur-Húnaþingsdeild  
 Márek ehf. Tannstaðabakka Vestur-Húnaþingsdeild  
 Helgi Þórsson og Beate Stormo Kristnesi Norðausturdeild  
 Þórir Níelsson og Sara María Davíðsdóttir Torfum Norðausturdeild  
 Árni Sigurlaugsson og Guðrún Jónsdóttir Villingadal Norðausturdeild  
 Hlynur Þórsson og Linda Ellen Tómasdóttir Akri Norðausturdeild  
 Hermann Ingi Gunnarsson og Ingibjörg Leifsdóttir Klauf Norðausturdeild  
 Sveinn Kjartan Sverrisson og Steinunn Elfa Úlfarsdóttir Melum Norðausturdeild  
 Urðarbúið Urðum Norðausturdeild  
 Félagsbúið Böðvarnesi Böðvarnesi Norðausturdeild  
 Karl Björnsson Veisu Norðausturdeild  
 Sveinbjörn Þór Sigurðsson og Hulda Kristjánsdóttir Búvöllum Norðausturdeild  
 Ingjaldsstaðabú ehf Ingjaldsstöðum Norðausturdeild  
 Rögnvaldur Ólafsson og Sigrún Hrónn Þorsteinsdóttir  
 Flugumýrarhvamur Skagafjörður  
 Réttarholtsbúið ehf. Réttarholt Skagafjörður  
 Þorleifur B. Hólmssteinsson og Jónína Lára Stefánsdóttir Þorleifsstaðir Skagafjörður  
 Hofdalabúið ehf. Hofdalir Skagafjörður

# Mjólkurfernukjöll

Stíll er árleg hönnunarkeppni á milli félagsmiðstöðva unglunga þar sem keppt er í hárgreiðslu, förðun og fatahönnun út frá ákveðnu þema. Rúmlega hundrað og fimmtíu unglingar í 33 liðum tóku þátt í keppninni sem Samfés, samtök félagsmiðstöðva á Íslandi stóðu fyrir



FRÉTTIR

í 16. sinn nú í mars sl. og var þemað gyðjur og goð.

Hópurinn frá félagsmiðstöðinni Þrykkjan frá Höfn í Hornafirði nýtti sér mjólkurfernur í sinni hönnun og ákvað MS að nesta keppendur með fjölbreyttum næringarríkum mjólkurvörum meðan á keppninni stóð svo ekki vantaði orkuna í hópinn.

Í keppninni vann svo Þrykkjan fyrir bestu hönnunarmöppuna en þar kemur fram vinnuferli hönnunar frá hugmynd að lokaafurð. Óskum við þeim Ingunni Ósk, Írisi Mist, Selmu og Vigdísu Maríu til hamingju enda flott hönnun!

